

- 5a Ragnheiður Gunnarsdóttir f. í Rvík 2. sept. 1960. Stúdent frá M. R. 1980.
- 5b Jóhanna Gunnarsdóttir f. í Rvík 11. júní 1964.
- 21 Ástgerður Ágústa Sigfúsdóttir f. á Tjörn á Vatnsnesi 9. jan. 1864 d. í Rvík 30. maí 1932. Hún var óvenjulega mikil kona, fríð sýnum og gjörvileg. M. (29. okt. 1886) Sighvatur Kristján bankastjóri í Rvík f. þar 25. jan. 1859 d. þar 30. ágúst 1929 Bjarnason. For. Bjarni útgerðarmaður í Hlíðarhúsum í Rvík f. í Perney á Kollafirði 1828 d. í Rvík 16. júní 1876 Kristjánsson og k. h. (7. nóv. 1863) Þorbjörg f. á Melum á Kjalarnesi 26. okt. 1828 d. á heimili Sighvats sonar síns 99 ára að aldri 28. jan. 1928 Sighvatsdóttir. Sighvatur var skrifari Hilmars landshöfðingja Finsens 1874–1885 og dvaldist í Khöfn 1885–1886 til undirbúnings starfs síns við Landsbanka Íslands. Bankamaður og bókari Landsbankans 1886–1904, bankastjóri Íslandsbanka 1904–1921, umboðsmaður Nye Danske Brandforsikring lengi. Bæjarfulltrúi í Rvík 1900–1916, í niðurjöfnunarnefnd 1887–1893, lengi formaður styrktar- og sjúkrasjóðs verzlunarmanna í Rvík. Átti margs konar hlutdeild í félagsskap og vann ýmis önnur trúnaðarstörf. Justitsráð að nafnbót 1907. (Hvem. II 177) Börn: Emilía, Þorbjörg, Ásta Sigríður, Bjarni, Sigríður, Ásta, Jakobína, Sigfús og Sigfús Pétur.
- 3a Emilía Sighvatsdóttir f. í Rvík 12. okt. 1887 d. 18. nóv. 1967. „Dugmikil greindarkona“ (Fhálsætt II 422). M. (10. maí 1913) Jón læknir f. á Breiðabólsstað í Vesturhópi 14. júní 1881 d. í Rvík 17. apríl 1937 Kristjánsson. For. Kristján bóndi í Víðidalstungu f. 23. febr. 1848 d. 18. jan. 1932 Jónsson og k. h. Gróa f. 6. jan. 1839 d. 15. maí 1907 Ólafsdóttir bónda, dbm. og alþm. á Sveinsstöðum f. 5. okt. 1811 d. 20. okt. 1873 Jónssonar prests í Steinnesi Péturssonar. K. séra Jóns: Elísabet Björnsdóttir frá Bólstaðarhlíð. (Bólsthlað 71; Alþmtal 311; Læknatal 441). Jón varð stúdent frá Rvíkurháskóla 1904,

cand. med. 1914 og sigldi til sérnáms í nuddlækningum og hjartasjúkdómum. Sérfræðingur í nuddlækningum 1923. Hann var óvenjulega skemmtilegur maður og elskulegur. Börn: Sighvatur, Kristján, Ólafur, Þorbjörg, óskírð stúlka, Haraldur og Águst.

- 4a Sighvatur Jónsson f. í Rvík 29. sept. 1913 d. 6. sept. 1969. Afgreiðslumaður hjá Shell hf. (Mbl. 14. sept. 1969). K. (14. júní 1941 á Grenjaðarstað í Aðaldal í S-Þing) Anna f. á Húsavík 22. ágúst 1914 Albertsdóttir. For. Albert verkamaður á Húsavík f. þar 21. júlí 1888 Sigtryggsson og k. h. Elín f. í Hólkoti í Reykjadal 13. nóv. 1892 Indriðadóttir. Börn: Haraldur Egill, Jón Albert og Emilía.
- 5a Haraldur Egill Sighvatsson f. í Rvík 19. júní 1943. Hús-gagnasmiður í Rvík. K. (6. febr. 1965) Elfa Sigrún Hafdal f. á Akureyri 26. apríl 1942 Gunnarsdóttir. For. Gunnar Hafdal f. á Deplum í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu 15. okt. 1901 d. 1969 Sveinsson (sjá 143) og k. h. (20 maí 1924) Sigríður Anna f. 9. apríl 1898 Sigurjónsdóttir kennara á Dalvík og víðar Rögnvaldssonar. (Kenntal II 155). Börn: Anna Björk, Sigurbjörg Svala og Sighvatur Gunnar.
- 6a Anna Björk Haraldsdóttir f. í Rvík 23. okt. 1965.
- 6b Sigurbjörg Svala Haraldsdóttir f. 24. maí 1969.
- 6c Sighvatur Gunnar Haraldsson f. 4. júní 1974.
- 5b Jón Albert Sighvatsson f. í Rvík 14. júní 1949. Verzlunar-maður í Rvík. K. (19. febr. 1972) Kristjana f. í Rvík 19. febr. 1952 Markúsdóttir. For. Markús verzlunarstjóri í Rvík f. á Móum í Dýrafirði 23. jan. 1928 Stefánsson og k. h. (1954) Hulda f. í Rvík 25. ágúst 1930 Jónsdóttir. For. Markúsar: Bjarni Þorvaldur Stefán f. á Arnarnúpi í Keldudal í Dýrafirði 12. okt. 1901 d. 1. sept. 1930 Guðjónsson og k. h. Ingibjörg Elísabet f. á Saurum í Keldudal 2. sept. 1889 Markúsdóttir. For. Huldu: Jón bifreiðarstjóri f. 4. júlí 1900 d. 24. ágúst 1938